

16. mars 2015 kl: 19:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Ása Pedersen, Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Sigríður Ásta Hauksdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Seglar með útivistarreglum. Samtaka í samstarfi við Samfélags- og mannréttindanefnd Akureyrarbæjar hefur látið útbúa ísskápasegla með útivistarreglum. Seglarnir verða afhentir öllum nemendum í 1. til 6. bekk í öllum skólum í viku 13. Það er von Samtaka og okkar í stjórn foreldrafélags Giljaskóla að seglarnir fái fastan samastað á hverju heimili og að átakið auki samstöðu foreldra/forráðamanna í að virða útivistarreglurnar.
2. Virkni bekkjarfulltrúa. Sigríður Ásta er tengiliður foreldrafélagsins við bekkjarfulltrúa skólans. Hún greindi frá hver staðan er í þeim málum. Stjórn foreldrafélagsins lýsir yfir ánægju sinni með virkni bekkjarfulltrúa í Giljaskóla. Greinilegt er að nú þegar hafa margar bekkjarsamkomur verið haldnar hver annarri áhugaverðari. Frábært! Minnt er á að gaman væri ef foreldrar sendu myndir á ellae@akmennt.is svo hægt sé að birta þær á foreldrasíðu skólans.
3. Hjólahátíð með vorinu. Stefnt er að því að halda hjólahátíð á vordögum þar sem fengnir verða aðilar til að skoða öryggi hjóla hjá nemendum, gaman væri að bjóða uppá veitingar og gera mikið úr þessum degi.
4. Skólabúðir. Stjórn foreldrafélagsins leggur til að gerð verði skoðanakönnun meðal foreldra um hvort þeim lítist betur á skólabúðirnar á Reykjum í Hrutafirði sem 7. bekkur fer árlega í eða hvort breyta ætti út af vananum og fara í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal sem 9 bekkur færi þá í og er rekið af UMFÍ. Ella kannar hvort hægt sé að útbúa könnun og koma henni í loftið.
5. Gjafir fyrir verðandi fyrstu bekkinga. Verðandi fyrstu bekkingar fá Giljaskólabuff frá foreldrafélaginu ásamt einhverju nytsamlegu skóladóti. Ellert kannar tilboð í A4 hvað það varðar.
6. Fræðsla fyrir miðstig. Stjórn foreldrafélagsins óskar enn eftir hugmyndum að fyrirlestri eða fræslu sem hentar fyrir nemendur á miðstigi í skólanum og miða að forvörnum og fræðslu. Sigríður Ásta ætlar m.a. að kanna hvort fagaðilar fáiast til að halda fyrirlestur um samskipti og sjálfsmynd fyrir þennan aldurshóp.
7. Leiksyning fyrir yngsta stig. Búið er að bóka Leikhópin Lottu sem halda mun syningu fyrir yngsta stig skólans 5. maí næstkomandi klukkan 8:00 í boði foreldrafélagsins.
8. Nýr hornsófi í Dimmuborgir. Foreldrafélag Giljaskóla tók þátt í kaupum á hornsófa fyrir nemendur til afnota í Dimmuborgum. Heyrst hefur að mikil ánægja ríki með þennan nýja grip☺

Fundi slitið kl. 20:30.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 13. apríl 2015 klukkan 19:30

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir